

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Íslandsbleikja í Ölfusi Núpum III í Ölfusi.



<b>Dags eftirlits</b>	7.6.2013	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella
<b>Fyrirtæki</b>	Íslandsbleikja í Ölfusi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Heimili</b>	<b>Núpum III, Ölfusi</b>	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	610406	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Daníel Guðmundsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	390484,225 387985,195

### Niðurstaða eftirlits

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

### Umfang eftirlits

Rekstraraðili boðaði til samráðsfundar skv gr. 4.3 í starfsleyfi. Fundinn sátu auk fulltrúa Umhverfisstofnunar, fulltrúar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og stöðvarstjóri.

Farið var yfir síðasta eftirlit en engin frávik frá starfsleyfi komu fram við það eftirlit en athugasemd var gerð við að ekki væri búið að halda samráðsfund. Komið hefur verið til móts við þá athugasemd með fundinum sem haldin var áður en eftirlit fór fram.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Búið er að skila inn öllum gögnum fyrir árið 2012.

Farið var yfir mælingar sem gera á skv. gr. 3.3. í starfsleyfi, þriðja hvert ár. Tekin voru sýni þann 29. febrúar 2012 og voru þau vel innan þeirra marka sem gefin eru í gr. 2.7. Sýni fyrir svifagnir var tekið þann 21. nóvember 2012 og var niðurstaða þess sýnis vel innan þeirra marka sem gefin eru í gr. 2.8. í starfsleyfi.

Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Frárennsli skoðað og ekki eru gerðar athugasemdir við það. Enginn óvenjuleg gróðurmyndun var í útrásarop og enginn fugl sótti í útrásina.

Varaafsstöð var skoðuð ásamt olútanki og engar athugasemdir gerðar þar á.

Minnt er á að öll gögn skulu send á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), sem og á netfang eftirlitsaðila.

### Athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirliti.

### Annað

Búið er að skipta um dúk í trommlusíu og tæming setþróar hefur farsælega verið leyst. Landtak hf. sér um losun setþróar og úrgangstanks og nýtir úrganginn til landbóta og uppgæðslu. Seyran hefur verið skráð hjá MAST sem áburðartegund. Kominn er tími til að losa úrgangstank en lítið magn var í settjörnninni.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á stöðinni og engin óhöpp hafa orðið á árinu. Engar kvartanir hafa borist fyrirtækinu að sögn rekstraraðila.

Reykjavík, 24.03.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta